

**Nr. 124 / 15 Brandur VE 220*****Eldur og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6154  
Smíðaður: Nor-Dan, trefjaplast 1980  
Stærð: 5,04 brl. 5,84 bt.  
Mesta lengd: 8,68 m Skráð lengd: 8,58 m  
reidd: 2,56 m Dýpt: 1,21 m  
Vél: Perkins 67,2 kW, 2001  
Fjöldi skipverja: 1



Brandur©Tryggvi Sigurðsson

**Gögn:**  
Lögregluskýsla  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 25. nóvember 2015 var Brandur VE 220 á krókaveiðum skammt austur af Vestmannaeyjum. Veður: V 2-3 m/s og gott skyggni.

Um hádegið barst neyðarkall frá bátnum til Vaktstöðvar siglinga (VSS) og tilkynnt um að eldur væri laus í stýrishúsi. VSS hafði samband við Frá VE sem sá reyk og neyðarblys í u.þ.b. tveggja sjómílna fjarlægð auk þess sem björgunarskipið Þór var kallað út og þyrta LHG.

Skipverjinn komst í gúmmíbjörgunarbát og var honum bjargað um borð í Frá VE. Dráttarbatúrin Lóðsinn kom á staðinn, slökkti eldinn í bátnum og dró hann til hafnar í Vestmannaeyjum. Báturinn var mikið skemmdur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að reykskynjarinn fór í gang þremur til fimm mínútum eftir að skipverjinn hafði verið í stýrishúsinu;
- að tveir björgunarbúningarnir um borð í bátnum og báðir geymdir fremst í káetunni. Skipverjanum tókst ekki að ná til þeirra;
- að skipverjinn treysti sér ekki til að ná í handslökkvitæki sem staðsett var fyrir innan hurðina á stýrishúsinu;
- að skipverjinn reyndi að teygja sig í talstöðina til að kalla eftir hjálp en snúran í tólinu náði ekki út úr stýrishúsinu;

- að niðurstaða sérfræðings lögreglu, sem skoðaði vettvang, var að erfitt væri að alhæfa um orsök brunans þar sem báturinn var mjög illa brunninn. Hann taldi þó líklegast að upptök eldsins mætti rekja til spennubreyta sem staðsettir voru í stýrishúsi bátsins;
- að tveir spennubreytar voru í stýrishúsinu. Annar var 600 W sem tengdur var við siglingartölvu, tölvuskjá og hleðslutæki fyrir farsíma. Hinn spennubreytirinn var 3000 W notaður fyrir kaffivél og fleiri raftæki sem ekki voru í notkun en samt var kveikt á honum;
- að 3000 W spennubreytirinn var keyptur notaður og settur í bátinn tveimur mánuðum áður;
- að gúmmíbjörgunarbáturinn var staðsettur á þaki stýrishússins og fram kom að vel gekk að sjósetja hann og blása upp;
- að lögskráning á bátinn var ábótavant en annar aðili var skráður á hann en sá sem var um borð. Atvinnuskírteini skipverjans var útrunnið en búið var að sækja um endurnýjun.

### ***Nefndarálit:***

Orsök eldsins eru ókunn en líklega má rekja hann til spennubreytanna.

Nefndin átelur skipstjóranng fyrir að sinna ekki skyldum sínum til að sjá til þess að rétt hafi verið lögskráð á bátinn.

Nefndin beinir þeim tilmælum til allra skipstjóra að sinna lögskráningu af kostgæfni enda tryggir hún skyldutryggingu fyrir þá skipverja sem lögskráðir eru um borð hverju sinni.

### ***Tillaga í öryggisátt:***

Í ljósi tíðra eldsvoða í minni bátum sem rekja má til rafmagnsbúnaðar og frágangs hans gerir nefndin eftirfarandi tillögu í öryggisátt:

Nefndin leggur til að Samgöngustofa beiti sér fyrir endurskoðun á reglum, búnaði og/eða skoðunum er varðar rafmagnsmál um borð í minni bátum.